



Krónan nokkurn veginn óbreytt á móti evrunni í mars

Gengi krónunnar gagnvart evru var nokkurn veginn óbreytt í mars, en veiktist á móti Bandaríkjadal. Seðlabankinn greip fjórum sinnum inn í á gjaldeyrismarkaði, keypti evrur í tvígang og seldi einnig evrur í tvígang.

Íslenska krónan veiktist á móti evrunni fyrri hluta marsmánaðar. Sú veiking gekk til baka síðari hluta mánaðarins og stóð krónan nokkurn veginn á sama stað á móti evrunni í lok mars (142,0) og í lok febrúar (141,8).



Bandaríkjadalur styrktist á móti evrunni í mars, þannig að verð á Bandaríkjadal hækkaði í krónum talið. Gengisvísitalan hækkaði (krónan veiktist) um 0,6%.

Velta á gjaldeyrismarkaði var 50,3 ma.kr. (350 m.evra) í mánuðinum sem er svipað og í febrúar. Hlutdeild Seðlabankans (SÍ) í veltu mánaðarins var 12,6 ma.kr. (87 m.evra) sem er 25% af heildarveltu.


SÍ greip fjórum sinnum inn í á markaðnum í mars. Fyrri hluti mánaðarins voru tveir dagar þar sem SÍ seldi evrur á móti veikingu krónunnar. Seinni hluta mánaðarins keypti SÍ evrur tvo daga á móti styrkingu krónunnar.

	31.3.2022	YTD	1M	3M	12M
GVT	189,6	-3,1%	0,6%	-3,1%	-2,2%
EUR	142,0	-3,8%	0,1%	-3,8%	-4,1%
USD	127,9	-1,9%	1,0%	-1,9%	1,3%
GBP	167,9	-4,5%	-1,1%	-4,5%	-3,4%
DKK	19,1	-3,8%	0,2%	-3,8%	-4,1%
NOK	14,6	-1,0%	2,6%	-1,0%	-1,3%
SEK	13,7	-4,6%	2,7%	-4,6%	-5,0%
CHF	138,3	-3,2%	0,8%	-3,2%	3,4%
JPY	1,05	-7,2%	-4,2%	-7,2%	-7,9%

Heimild: Macrobond




Það sem af er ári hefur krónan styrkst á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar.




Heimild: Macrobond

Velta á gjaldeyrismarkaði var 50,3 ma.kr. (350 m.evra) í mars. Þar af var hlutur SÍ 12,6 ma.kr. (87 m.evra).




SÍ seldi evrur á móti veikingu krónunnar fyrri hluta mánaðarins og keypti evrur á móti styrkingu krónunnar síðara hluta hans.




Heimild: Macrobond

Nettó sala SÍ á gjaldeyri í mars nam 4,9 mö.kr. (33 m.evra).




Heimild: Macrobond

Vergur gjaldeyrisforði var 890 ma.kr. (6,3 ma. evra) í lok febrúar.




Heimild: Macrobond

Flökt krónunnar gagnvart evrunni var nokkur veginn óbreytt í mars.




Heimild: Macrobond

75.800 erlendir gestir fóru um Leifsstöð í febrúar.




Heimild: Macrobond

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 5,0 ma.kr. í febrúar.




Heimild: Macrobond

Raungengi miðað við verðlag var 7,7% hærra (krónan sterkari) í febrúar 2022 en í sama mánuði árið áður og nafngengið var 6,8% sterkara.




Heimild: Macrobond

Framlag hlutfallslegs verðlags til ársbreytingar á raungengi var 1,1% til hækkunar.




Heimild: Macrobond

Óveruleg breyting var á vaxtamun við evru í mars.



Heimild: Macrobond

Í lok febrúar var hrein staða framvirkra samninga hjá viðskiptabönnunum þar sem íslenska krónan er önnur myntin 140 ma.kr.



Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef